

Hafnarfjarðarbær
bt. Bjarki Jóhannesson, skipulagsfulltrúa
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. Janúar 2015

Efni: Dalshraun 16 – Fyrirspurn vegna aukins byggingarmagns.

Lögð er fram fyrirspurn vegna aukins byggingarmagns á lóðinni við Dalshraun 16 í Hafnarfirði. Húsið er í eigu Bílabóndans ehf, kennitala 510713-0870 og er fyrirspurn þessi unnin lögð fram í umboði fyrirtækisins. Um er að ræða atvinnuhúsnæði þar sem rekið er dekkjaverkstæði og í hluta byggingarinnar er kjallari sbr. meðfylgjandi byggingarnefndarteikningu dags. 7. nóvember 1997.

Lóðarstærð samkvæmt tölvugrunni Hafnarfjarðarbæjar er 935 m², en þó það er ekki samræmi við samþykktar teikningar af húsinu. Núverandi nýtingarhlutfall er 0,39 og heildar byggingarmagn er 361,2 m².

Á meðfylgjandi uppdraetti L-101 dags. 15. janúar 2015 er gerð tillaga að stækkun á byggingarreit til norðurs að lóðarmörkum. Gert er ráð fyrir að byggingarreiturinn sé 1 meter frá lóðarmörkum. Með þessari stækkun á byggingarreit með 1 hæð og kjallara eykst byggingarmagn um 168 m². Heildarbyggingarmagn á lóðinni verður við þessa stækkun 531,2 m² og nýtingarhlutfall verður 0,57.

Á lóðinni við Dalshraun 12 liggur núverandi bygging að lóðarmörkum og því ákveðið fordæmi fyrir því að byggja að lóðarmörkum á svæðinu. Lóðarhafi við Dalshraun 16 vill hafa áfram gönguleið meðfram lóðinni til að tryggja aðkomu utanfrá að kjallarrými.

Óskað er eftir svörum við fyrirspurninni og verði tekið jákvætt í aukið byggingarmagn vill eigandi hússins leggja fram deiliskipulagsbreytingu vegna málsins. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur vaxið frá stofnun þess og getið sér gott orð fyrir góða þjónustu, en með viðbyggingu verður hægt að vera áfram á þessum stað og veita betri þjónustu.

fh. Bílabóndans ehf

Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsráðgjafi

Teiknistofan Stord ehf
Laugavegi 168 – 105 Reykjavík
hermann@stord.is